

## AUGLÝSING

### um alþjóðasamning um erfðaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði.

Hinn 7. ágúst 2007 var aðalframkvæmdastjóra Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna afhent aðildarskjal Íslands vegna alþjóðasamnings um erfðaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði sem gerður var í Róm 3. nóvember 2001. Samningurinn öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 5. nóvember 2007.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 7. desember 2022.*

F. h. r.  
**Martin Eyjólfsson.**

---

*Anna Jóhannsdóttir.*

**Fylgiskjal.****ALÞJÓÐASAMNINGUR  
UM ERFÐAAUÐLINDIR PLANTNA  
Í MATVÆLAFRAMLEIÐSLU OG LANDBÚNAÐI****FORMÁLSORÐ****Samningsaðilar,**

*sem eru sannfærðir um sérstakt eðli erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, séreiginleika þeirra og viðfangsefni þeim tengd sem þarfnast sérlausna,*

*sem eru uggandi sakir þess að óðum gengur á þessar auðlindir,*

*sem gera sér grein fyrir því að erfðaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði hafa almenna þýðingu fyrir öll lönd, þar eð öll lönd eru mjög háð slíkum erfðaauðlindum sem eiga uppruna sinn annars staðar,*

*sem kannast við að aðkallandi er að varðveita, rannsaka, safna, lýsa, meta og skrá erfðaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði ef ná á markmiðum Rómaryfirlýsingarinnar um fæðuöryggi í heiminum og aðgerðaráætlunar leiðtogafundarins um fæðu jarðarbúa og vegna sjálfbærrar þróunar landbúnaðar í þágu núlifandi og komandi kynslóða og að brýna nauðsyn beri til að efla getu þróunarlanda og landa með umbreytingarhagkerfi til þess að takast á við þessi verkefni,*

*sem veita því athygli að hnattræn aðgerðaráætlun um varðveislu og sjálfbæra nýtingu erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði er grundvöllur fyrrnefndrar starfsemi sem alþjóðleg samstaða er um,*

*sem kannast enn fremur við að erfðaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði eru nauðsynlegt hráefni ef takast á að erfðabæta nytjaplöntur, hvort sem það er gert með kynbótastarfi bænda, hefðbundnum kynbótum plantna eða nútímalíftækni, og að þær eru nauðsynlegar til þess að aðlagast megi ófyrirsjáanlegum umhverfisbreytingum og mæta þörfum mannkyns til framtíðar,*

*sem staðfesta að framlag bænda um heim allan, í fortíð, nútíð og framtíð, einkum í upprunaheimkynnum og á svæðum þar sem fjölbreytni nytjaplantna er mikil, til að varðveita fyrrnefndar auðlindir, bæta þær og greiða aðgengi að þeim, er grunnur að rétti bænda,*

*sem staðfesta enn fremur að réttur, sem er viðurkenndur samkvæmt samningi þessum, til að varðveita og nýta fræ, sem er varðveitt á býlum, skiptast á því og selja það, auk annars fjölgunarefnis, og til að eiga aðild að töku ákvarðana um nýtingu erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði og fá sanngjarna og réttmæta hlutdeild í ávinningi vegna hennar, er undirstaða þess að réttur bænda nái fram að ganga og þess að réttur bænda verði aukinn, jafnt innan hvers lands sem og á alþjóðavettvangi,*

*sem viðurkenna að samningur þessi og aðrir alþjóðasamningar, sem varða efni hans og innihald, skulu sem heild treysta sjálfbæran landbúnað og fæðuöryggi,*

*sem staðfesta að ekki beri að túlka neitt í samningi þessum þannig að breyti á nokkurn hátt réttindum og skyldum samningsaðila samkvæmt öðrum alþjóðasamningum,*

*sem hafa þann skilning að ekki sé ætlunin, með framangreindri forsendu, að koma á stigveldis skipan að því er varðar tengsl samnings þessa við aðra alþjóðasamninga,*

*sem gera sér ljóst að álitamál, er varða umsjá erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, eru á mörkum landbúnaðar, umhverfismála og viðskipta og eru sannfærðir um að samvirkni eigi að vera milli þessara geira,*

*sem gera sér grein fyrir að á þeim hvílir sú ábyrgð gagnvart gengnum og komandi kynslóðum að varðveita fjölbreytni erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði í heiminum,*

*sem viðurkenna* að ríki geti, er þau beita fullveldisréttindum sínum með tilliti til erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, haft gagnkvæman hag af því að koma á skilvirku, fjölbjóðlegu kerfi sem auðveldar aðgang að umsömdu úrvali fyrrnefndra auðlinda og veitir sanngjarna og réttmæta hlutdeild í þeim ávinningi sem er af nýtingu þeirra og

*sem æskja þess* að gera alþjóðasamning innan vébanda Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, hér á eftir nefnd FAO, skv. XIV. gr. stofnskrár FAO,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

## I. HLUTI INNGANGUR

### 1. gr.

#### *Markmið.*

- 1.1. Markmiðin með samningi þessum eru að varðveita og tryggja sjálfbæra nýtingu erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, ásamt því að tryggja sanngjarna og réttmæta hlutdeild í ávinningnum af nýtingu þeirra, í samræmi við samninginn um líffræðilega fjölbreytni, í þágu sjálfbærs landbúnaðar og fæðuöryggis.
- 1.2. Markmiðum þessum verður best náð með því að samtengja samning þennan, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og samningnum um líffræðilega fjölbreytni.

### 2. gr.

#### *Notkun hugtaka.*

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir og gilda eftirfarandi skilgreiningar ekki um vöruviðskipti:

„varðveisla á upprunastað“ merkir varðveislu vistkerfa og náttúrulegra búsvæða og viðhald og endurheimt lífvænlegra stofna tegunda í náttúrulegu umhverfi þeirra og, í tilviki ræktaðra plantna, í því umhverfi þar sem séreiginleikar þeirra hafa þróast,

„varðveisla utan upprunastaðar“ merkir varðveislu erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði utan náttúrulegra búsvæða þeirra,

„erfðaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði“ merkir hvers kyns erfðaeefni úr jurtaríkinu sem hefur raunverulegt eða hugsanlegt gildi fyrir matvælaframleiðslu og landbúnað,

„erfðaeefni“ merkir hvers kyns eefni úr jurtaríkinu, þ.m.t. fjölgunarefni til kynæxlunar og kynlausrar æxlunar, sem inniheldur starfseiningar erfða,

„yrki“ merkir plöntuhóp innan lægstu, þekktu, grasafræðilegrar flokkunareiningar, sem er skilgreindur út frá því að hann eigi sér erfðaeiginleika og aðra séreiginleika sem unnt er að framkalla á ný,

„safn utan upprunastaðar“ merkir safn erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði sem er viðhaldið utan náttúrulegs búsvæðis þeirra,

„upprunaheimkynni“ merkir landsvæði þar sem séreiginleikar plöntutegundar, hvort heldur um ræðir ræktaðar plöntur eða villtar plöntur, þróuðust fyrst,

„svæði þar sem fjölbreytni nytjaplantna er mikil“ merkir landsvæði þar sem erfðabreytileiki nytjaplantna er mikill miðað við þau skilyrði sem ríkja á upprunastað.

### 3. gr.

#### *Gildissvið.*

Samningur þessi tekur til erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði.

## II. HLUTI ALMENN ÁKVÆÐI

### 4. gr.

#### *Almennar skuldbindingar.*

Sérhver samningsaðili skal tryggja að lög hans, reglur og málsmeðferð samræmist skuldbindingum hans eins og kveðið er á um í samningi þessum.

## 5. gr.

*Varðveisla, rannsókn, söfnun, lýsing, mat og skráning erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði.*

- 5.1. Sérhver samningsaðili skal, með fyrirvara um ákvæði landslaga og, eftir atvikum, í samvinnu við aðra samningsaðila, stuðla að því að samþættu verklagi sé beitt við rannsóknir, varðveislu og sjálfbæra nýtingu erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði og skal, einkum og eftir því sem við á:
- kanna og skrá erfðaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði og leggja jafnframt mat á stöðu og umfang breytileika innan núlifandi stofna, að meðtöldum þeim sem kunna að hafa notagildi, og meta, eftir því sem unnt er, þá hættu sem að þeim stöðjar,
  - stuðla að því að erfðaauðlindum plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði verði safnað ásamt upplýsingum, sem máli skipta, um þær erfðaauðlindir plantna sem hætta stöðjar að eða kunna að hafa notagildi,
  - greiða fyrir eða styðja, eftir því sem við á, viðleitni bænda og staðbundinna samfélaga til þess að hafa umsjón með og varðveita á býlum eigin erfðaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði,
  - stuðla að varðveislu villtra plantna, sem eru skyldar nytjaplöntum, og annarra villtra plantna, sem eru ætlaðar til fæðuframleiðslu, á upprunastað, þ.m.t. á vernduðum svæðum, m.a. með því að styðja viðleitni rötgróinna og staðbundinna samfélaga,
  - efna til samstarfs um að stuðla að þróun skilvirks og sjálfbærs fyrirkomulags við varðveislu utan upprunastaðar, þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til fullnægjandi skráningar, lýsingar, endurnýjunar og matsgerðar, og greiða fyrir því að þróuð verði viðeigandi tækni í þessu skyni og hún yfirfærð í því augnamiði að efla sjálfbæra nýtingu erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði,
  - fylgjast með því hvernig lífvænleika, breytileika og erfðafræðilegum heilleika safna erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði er við haldið.
- 5.2. Samningsaðilarnir skulu grípa til aðgerða, eftir því sem við á, til þess að halda í lágmarki eða, sé þess nokkur kostur, útiloka hættu sem stöðjar að erfðaauðlindum plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði.

## 6. gr.

*Sjálfbær nýting erfðaauðlinda plantna.*

- 6.1. Samningsaðilarnir skulu móta og fylgja viðeigandi stefnu og lagalegum ráðstöfunum sem stuðla að sjálfbærri nýtingu erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði.
- 6.2. Sjálfbær nýting erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði getur falist í eftirfarandi ráðstöfunum:
- að fylgja sanngjarnri landbúnaðarstefnu sem stuðlar, eftir því sem við á, að þróun og viðhaldi fjölbreytilegra búskaparháttanna sem ýtir undir sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í landbúnaði og annarra náttúruauðlinda,
  - að efla rannsóknir, sem stuðla að og varðveita líffræðilega fjölbreytni, með því að hámarka erfðabreytileika, jafnt innan tegundar sem milli tegunda, í þágu bænda, einkum þeirra sem þróa og nýta sín eigin yrki og hafa lögmál vistfræðinnar að leiðarljósi þegar viðhalda skal frjósemi jarðvegs og verjast sjúkdómum, illgresi og öðrum skaðvöldum,
  - að greiða, eftir því sem við á, fyrir plöntukynbótum sem, með þátttöku bænda, einkum í þróunarlöndum, auka getu til þess að þróa yrki sem eru sérstaklega löguð að félagslegum, efnahagslegum og vistfræðilegum skilyrðum, m.a. á jaðarsvæðum,
  - að breikka erfðagrunn nytjaplantna og efla erfðabreytileikann í þeim efniviði sem bændur geta nýtt sér,
  - að stuðla, eftir því sem við á, að aukinni nýtingu nytjaplantna, yrkja og vannýttra tegunda, staðbundinna eða þeirra sem hafa lagað sig að staðbundnum aðstæðum,
  - að stuðla að frekari nýtingu fjölbreytni yrkja og tegunda á býlum, varðveislu og sjálfbærri nýtingu nytjaplantna og að styrkja tengsl við plöntukynbætur og þróun í landbúnaði þannig

- að nytjaplöntur verði síður viðkvæmar og minni hættu verði á erfðahrörnun og greiða fyrir aukinni matvælaframleiðslu á heimsvísu í samræmi við sjálfbæra þróun og
- g) að endurskoða og, eftir því sem við á, laga eftir aðstæðum kynbótaáætlanir og reglur um sölu yrkja og frædreifingu.

## 7. gr.

*Skuldbindingar á innlendum vettvangi og alþjóðlegt samstarf.*

- 7.1. Sérhver samningsaðili skal, eftir því sem við á, fella þá starfsemi er um getur í 5. og 6. gr. að stefnumörkun í landbúnaði og byggðaðróun og vinna með öðrum samningsaðilum, milliliðalaust eða með atbeina FAO eða annarra viðkomandi alþjóðastofnana, að varðveislu og sjálfbærri nýtingu erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði.
- 7.2. Alþjóðlegt samstarf skal einkum beinast að því:
- a) að skapa eða styrkja skilyrði í þróunarlöndum og löndum með umbreytingarhagkerfi með tilliti til varðveislu og sjálfbærrar nýtingar erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði,
  - b) að efla alþjóðlega starfsemi í því skyni að stuðla að varðveislu, mati, skráningu, erfðafræðilegum framförum, plöntukynbótum, fræfjölgun og, skv. IV. hluta, efla samnýtingu, aðgang að og gagnkvæm skipti á erfðaauðlindum plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði og viðeigandi upplýsingum og tækni,
  - c) að viðhalda og styrkja það stofnanafyrirkomulag sem mælt er fyrir um í V. hluta og
  - d) að framfylgja þeirri fjármögnunaráætlun er um getur í 18. gr.

## 8. gr.

*Tækniástoð.*

Samningsaðilar samþykkja að stuðla að því að samningsaðilum verði veitt tækniástoð, einkum ef um er að ræða þróunarlönd eða lönd með umbreytingarhagkerfi, annaðhvort tvíhliða eða með atbeina viðeigandi alþjóðastofnana, með það að markmiði að auðvelda framkvæmd samnings þessa.

## III. HLUTI

**RÉTTUR BÆNDA**

## 9. gr.

*Réttur bænda.*

- 9.1. Samningsaðilarnir viðurkenna mikilvægt framlag sveitarfélaga og frumbyggjasamfélaga og bænda um heim allan, einkum þeirra sem eru í upprunaheimkynnum og á svæðum þar sem fjölbreytni nytjaplantna er mikil, í fortíð og framtíð til varðveislu og þróunar erfðaauðlinda nytjaplantna sem eru grundvöllur fæðu- og landbúnaðarframleiðslu um heim allan.
- 9.2. Samningsaðilarnir eru því sammála að stjórnvöld í einstökum ríkjum beri ábyrgð á því að bændur geti nýtt sér rétt sinn, eins og hann snýr að erfðaauðlindum plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði. Sérhver samningsaðili skal, eftir þörfum og forgangsröð, eftir því sem við á og með fyrirvara um innlenda löggjöf, gera ráðstafanir til þess að vernda rétt bænda og stuðla að því að hann verði virtur. Nefna má:
- a) vernd viðtekinnar þekkingar á erfðaauðlindum plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði,
  - b) rétt til réttmætrar hlutdeildar í ávinningnum af nýtingu erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði,
  - c) rétt til að koma að ákvörðunum á landsvísu um mál er varða varðveislu og sjálfbæra nýtingu erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði.
- 9.3. Ekkert í grein þessari skal túlkað með þeim hætti að takmarki neinn rétt sem bændur hafa til þess að varðveita og nýta fræ, sem er varðveitt á býlum, skiptast á því og selja það og/eða annað fjölgunarefni, með fyrirvara um ákvæði landslaga og eftir því sem við á.

IV. HLUTI  
**FJÖLÞJÓÐLEGT KERFI AÐGANGS AÐ ERFÐAAUÐLINDUM  
 OG SKIPTING ÁVINNINGA AF NÝTINGU ÞEIRRA**

10. gr.

*Fjölþjóðlegt kerfi aðgangs að erfðaaauðlindum og skipting ávinnings af nýtingu þeirra.*

- 10.1. Samningsaðilarnir viðurkenna, í samskiptum sínum við önnur ríki, fullveldisréttindi ríkja með tilliti til eigin erfðaaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, þ.m.t. að stjórnvöld í einstökum ríkjum hafi heimild til að ákveða aðgang að fyrrnefndum auðlindum og að slík heimild sé háð löggjöf hvers lands.
- 10.2. Samningsaðilarnir eru einhuga um, þegar þeir beita fullveldisréttindum sínum, að koma á fjölþjóðlegu kerfi, sem er skilvirkt, áhrifaríkt og gagnsætt, bæði í því skyni að greiða fyrir aðgangi að erfðaaauðlindum plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði og til þess að ná fram sanngjarnri og réttmætri skiptingu ávinnings vegna nýtingar fyrrnefndra auðlinda, á grundvelli samræmingar og gagnkvæmrar eflingar.

11. gr.

*Umfang fjölþjóðlegra kerfisins.*

- 11.1. Fjölþjóðlega kerfið skal, til þess að ná megi fram þeim markmiðum að varðveita og tryggja sjálfbæra nýtingu erfðaaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, ásamt því að tryggja sanngjarna og réttmæta skiptingu ávinnings af nýtingu þeirra, eins og mælt er fyrir um í 1. gr., taka til erfðaaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði sem eru taldar upp í I. viðauka og komið á samkvæmt meginreglum um fæðuöryggi og samhæði.
- 11.2. Fjölþjóðlega kerfið, eins og því er lýst í málsgrein 11.1, skal ná til allra erfðaaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði sem eru taldar upp í I. viðauka og eru í umsjá og lúta eftirliti samningsaðilanna og eru almenningsseign. Í því skyni að tryggja að umfang fjölþjóðlegra kerfisins verði sem mest bjóða samningsaðilarnir öllum öðrum, sem hafa undir höndum erfðaaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, sem eru taldar upp í I. viðauka, að fella fyrrnefndar erfðaaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði inn í fjölþjóðlega kerfið.
- 11.3. Samningsaðilar eru því einnig samþykkrir að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að hvetja einstaklinga og lögaðila innan lögsagnarumdæma þeirra, sem hafa undir höndum erfðaaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, sem eru taldar upp í I. viðauka, til þess að fella fyrrnefndar erfðaaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði inn í fjölþjóðlega kerfið.
- 11.4. Stjórnarnefndin skal, innan tveggja ára frá því að samningurinn öðlast gildi, meta hvernig miðar að fella erfðaaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, er um getur í málsgrein 11.3, inn í fjölþjóðlega kerfið. Að þessu mati loknu skal stjórnarnefndin ákveða hvort greiða beri áfram fyrir aðgangi þeirra einstaklinga og lögaðila er um getur í málsgrein 11.3 og ekki hafa fellt fyrrnefndar erfðaaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði inn í fjölþjóðlega kerfið eða gera aðrar þær ráðstafanir sem hún telur við eiga.
- 11.5. Fjölþjóðlega kerfið skal einnig ná til þeirra erfðaaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði sem taldar eru upp í I. viðauka og varðveittar eru í söfnum utan upprunastaðar sem tilheyra alþjóðlegum rannsóknarsetrum í landbúnaði (IARC) á vegum Samráðshóps í alþjóðlegum landbúnaðarrannsóknum (CGIAR), eins og mælt er fyrir um í a-lið málsgreinar 15.1, og í öðrum alþjóðastofnunum samkvæmt málsgrein 15.5.

12. gr.

*Greiður aðgangur að erfðaaauðlindum plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði innan fjölþjóðlegra kerfisins.*

- 12.1. Samningsaðilarnir eru einhuga um að greiður aðgangur að erfðaaauðlindum plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði innan fjölþjóðlegra kerfisins, sbr. skilgreiningu í 11. gr., skuli vera í samræmi við ákvæði samnings þessa.
- 12.2. Samningsaðilarnir eru einhuga um að gera nauðsynlegar lagalegar ráðstafanir eða aðrar viðeigandi ráðstafanir til þess að nýta megi fjölþjóðlega kerfið í því skyni að veita öðrum samningsaðilum þann aðgang er fyrr greinir. Í þessu skyni skal og veita einstaklingum og lögaðilum,

sem heyra undir lögsögu samningsaðila, þann aðgang er fyrr greinir, með fyrirvara um ákvæði málsgreinar 11.4.

12.3. Veita ber fyrrnefndan aðgang með eftirfarandi skilyrðum:

- a) aðgang skal aðeins veita sakir nýtingar og varðveislu vegna rannsókna, kynbóta og þjálfunar í þágu matvæla og landbúnaðar, að því tilskildu að slíkt hafi ekki í för með sér efna- eða lyfjafræðilega nýtingu og/eða annars konar nýtingu í iðnaði, sem á ekkert skylt við matvæli og/eða fóður. Að því er varðar nytjaplöntur til margvíslegra nota (til matar og annarra nota) skal mikilvægi þeirra, með tilliti til fæðuöryggis, vera sá þáttur sem sker úr um það hvort þær eru felldar inn í fjölþjóðlega kerfið og hvort greiður aðgangur að þeim sé tryggður,
- b) veita skal greiðan aðgang, án þess að nauðsynlegt sé að fylgjast með aðgangi í einstaka tilvikum, og án endurgjalds eða, sé gjald lagt á, gegn gjaldi sem ekki er hærra en lágmarks-kostnaður,
- c) öll handbær gögn er varða merkingar og, með fyrirvara um gildandi lög, allar aðrar fyrir- liggjandi, tengdar lýsingar, sem eru ekki háðar trúnaðarkvöð, skulu gerð aðgengileg um leið og erfðaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði eru látnar í té,
- d) viðtakendur skulu ekki halda fram hugverkarétti eða öðrum rétti sem takmarkar greiðan aðgang að erfðaauðlindum plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, eða erfðaeftnis- hlutum þeirra eða -einingum, í þeirri mynd sem við þeim er tekið frá fjölþjóðlega kerfinu,
- e) aðgangur að erfðaauðlindum plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, sem eru í þróun, þ.m.t. efni sem bændur eru að þróa, skal háður ákvörðun þess sem þær þróar á þróunar- tímanum,
- f) aðgangur að erfðaauðlindum plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, sem verndar- ákvæði hugverkaréttar eða annars eignarréttar gilda um, skal vera í samræmi við viðeigandi alþjóðasamninga og viðeigandi landslög,
- g) viðtakendur erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, sem aðgangur er veittur að samkvæmt fjölþjóðlega kerfinu og eru varðveittar, skulu áfram tryggja fjölþjóðlega kerfinu aðgang að þeim samkvæmt skilmálum samnings þessa og
- h) samningsaðilarnir eru einhuga um, með fyrirvara um önnur ákvæði þessarar greinar, að aðgangur að erfðaauðlindum plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, sem finnast við skilyrði upprunastaðar, verði veittur samkvæmt löggjöf hvers lands eða, sé slík löggjöf ekki til, samkvæmt þeim viðmiðunum sem stjórnarnefndin kann að ákveða.

12.4. Veita ber, í þessu skyni, greiðan aðgang, skv. málsgreinum 12.2 og 12.3 hér að framan, sam- kvæmt ákvæðum staðlaðs samnings um yfirfærslu efnis (MTA), sem stjórnarnefndin skal sam- þykkja og innihalda skal ákvæði a-, d- og g-liðar málsgreinar 12.3 og ákvæðin um skiptingu ávinnings, sem sett eru fram í ii-lið d-liðar málsgreinar 13.2, og önnur viðkomandi ákvæði sam- nings þessa, ásamt því ákvæði að viðtakandi þeirra erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði er um ræðir skuli gera þá kröfu að skilyrði samningsins um yfirfærslu erfðaeftnis skuli gilda um yfirfærslu erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði til annars einstaklings eða aðila og um sérhverja síðari yfirfærslu fyrrnefndra erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði.

12.5. Samningsaðilar skulu tryggja að unnt sé, innan réttarkerfa þeirra, að setja fram endurkröfu, í samræmi við gildandi ákvæði um lögsögu dómstóla, rísi deilur um samningsákvæði, sem leiðir af fyrrnefndum samningum um yfirfærslu efnis, og viðurkenna jafnframt að skyldur, sem leiðir af slíkum samningum, hvíla alfarið á aðilum að fyrrnefndum samningum um yfirfærslu efnis.

12.6. Samningsaðilarnir eru einhuga um, komi upp alvarlegt neyðarástand, að veita greiðan aðgang að viðeigandi erfðaauðlindum plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði í fjölþjóðlega kerfinu í því skyni að leggja sitt af mörkum til þess að endurreisa landbúnaðarkerfi í samvinnu við þá aðila sem annast samræmingu neyðaraðstoðar.

13. gr.

*Skipting ávinnings í fjölþjóðlega kerfinu.*

13.1. Samningsaðilarnir viðurkenna að greiður aðgangur að erfðaauðlindum plantna í matvæla- framleiðslu og landbúnaði, sem eru í fjölþjóðlega kerfinu, er í sjálfu sér verulegur ávinningur

fyrir fjölþjóðlega kerfið og eru einhuga um að ávinningnum, sem af því hlýst, skuli skipt á sanngjarnan og réttlátan hátt samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

- 13.2. Samningsaðilarnir eru einhuga um að ávinningi, sem verður af nýtingu, m.a. í viðskiptum, erfðaaudlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði innan fjölþjóðlega kerfisins, skuli skipt á sanngjarnan og réttlátan hátt með eftirfarandi hætti: með því að skiptast á upplýsingum, veita aðgang að og yfirfæra tækni, efla getu og veita hlutdeild í hagnaði af markaðssetningu þar sem tillit er tekið til forgangssvæða þar sem virk starfsemi fer fram samkvæmt hinni breytilegu, hnattrænu aðgerðaráætlun, undir leiðsögn stjórnarnefndarinnar:

a. Upplýsingaskipti:

Samningsaðilarnir eru einhuga um að gera aðgengilegar upplýsingar, sem ná m.a. yfir skrár og birgðastöðu, tækniupplýsingar og rannsóknarniðurstöður tæknilegs, vísindalegs og félags- og efnahagslegs eðlis, þ.m.t. lýsing, mat og nýting, er varða erfðaaudlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði innan fjölþjóðlega kerfisins. Gera ber þessar upplýsingar aðgengilegar, sé ekki um trúnaðarupplýsingar að ræða, með fyrirvara um gildandi ákvæði laga og eins og geta hverrar þjóðar í þessum efnunum leyfir. Gera ber þessar upplýsingar aðgengilegar öllum aðilum að samningi þessum um upplýsingakerfið sem mælt er fyrir um í 17. gr.

b. Aðgangur að tækni og yfirfærsla á henni.

- i. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að veita og/eða auðvelda aðgang að tækni á sviði varðveislu, lýsingar, mats og nýtingar á erfðaaudlindum plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði innan fjölþjóðlega kerfisins. Samningsaðilarnir, sem viðurkenna að aðeins er unnt að yfirfæra suma tækni með erfðaeftni, skulu veita og/eða auðvelda aðgang að slíkri tækni og erfðaeftni, sem er innan fjölþjóðlega kerfisins, og að betri yrkjum og erfðaeftni, sem eru þróuð með því að nýta erfðaaudlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði innan fjölþjóðlega kerfisins í samræmi við ákvæði 12. gr. Virða ber gildandi eignarrétt og ákvæði laga um aðgang þegar aðgangur að fyrrnefndri tækni, bættum yrkjum og erfðaeftni er veittur og/eða auðveldaður og hafa hliðsjón af getu hverrar þjóðar í þeim efnunum.
- ii. Aðgangur að tækni og yfirfærsla á henni til landa, einkum þróunarlanda og landa með umbreytingarhagkerfi, skal fara fram með því að beita samstæðu aðgerða, t.d. að koma á og viðhalda, og eiga aðild að, þemahópum á sviði nytjaplantna, sem fjalla um nýtingu erfðaaudlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, að hefja hvers kyns samstarfsverkefni á sviði rannsókna og þróunar og sem lúta að sameiginlegum viðskiptaverkefnum sem tengjast því efni sem við er tekið, þróun mannauðs og virkum aðgangi að rannsóknaradstöðu.
- iii. Þróunarlöndum, sem eru samningsaðilar, einkum löndum sem eru skemmst á veg komin í þróun og löndum með umbreytingarhagkerfi, skal veita og/eða auðvelda aðgang að og yfirfærslu á tækni, sbr. i- og ii-lið hér að framan, m.a. tækni sem höfundarréttur gildir um, með sanngjörnum skilmálum og þeim hagstæðustu sem völ er á, einkum er um ræðir tækni á sviði nýtingar í varðveisluskyni og tækni sem er í þágu bænda í þróunarlöndum, einkum löndum, sem eru skemmst á veg komin í þróun, og löndum með umbreytingarhagkerfi, m.a. með sérleyfisskilmálum og vildarkjörum, þar sem gagnkvæmt samkomulag er um slíka skilmála, m.a. með samstarfsverkefnum á sviði rannsókna og þróunar innan fjölþjóðlega kerfisins. Í þeim skilmálum, sem gilda um fyrrnefndan, veittan aðgang og yfirfærslu, skal koma fram viðurkenning á fullnægjandi og virkri vernd hugverkaréttar, auk þess sem slíkir skilmálar skulu fara saman við slíka vernd.

c. Efling getu.

Samningsaðilarnir eru einhuga um, að teknu tilliti til þarfa þróunarlanda og landa með umbreytingarhagkerfi, eins og frumkvæði þeirra á sviði eflingar getu með tilliti til erfðaaudlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði gefur til kynna í áætlunum þeirra, þegar þær hafa orðið að veruleika og að því er varðar þær erfðaaudlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði sem fjölþjóðlega kerfið tekur til, að raða eftirfarandi viðfangsefnum í forgang: i. að koma á og efla áætlanir um vísinda- og tæknimenntun og -þjálfun á sviði varðveislu og sjálfbærrar nýtingar erfðaaudlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, ii. að þróa og bæta aðstöðu til að



varðveita og nýta erfðaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði á sjálfbæran hátt, einkum í þróunarlöndum og löndum með umbreytingarhagkerfi og iii. að stunda vísindarannsóknir, einkum, og þar sem því verður komið við, í þróunarlöndum og löndum með umbreytingarhagkerfi, í samstarfi við stofnanir í þeim löndum og að auka getu til að stunda slíkar rannsóknir á þeim sviðum þar sem þeirra er þörf.

d. Hlutdeild í fjárhagslegum ávinningi og annars konar ávinningi af markaðssetningu.

- i. Samningsaðilarnir eru einhuga um að gera ráðstafanir innan fjölþjóðlega kerfisins til að tryggja hagnaðarhlutdeild viðskiptalegs eðlis, með þátttöku einkageirans og þess opinbera í starfsemi, er um getur í þessari grein, og með samstarfsverkefnum og samvinnu, meðal annars við einkageirann í þróunarlöndum og löndum með umbreytingarhagkerfi, á sviði rannsókna og tækniþróunar.
  - ii. Samningsaðilarnir eru einhuga um að í staðlaða samningnum um yfirfærslu erfðaeftnis, er um getur í málsgrein 12.4, skuli kveðið á um að viðtakandi, sem markaðssetur vöru sem er erfðaauðlind plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði og inniheldur efnis, sem aðgangur er veittur að samkvæmt fjölþjóðlega kerfinu, skuli greiða til þess skipulags, er um getur í fjórðugri málsgreinar 19.3, réttmætan hlut í hagnaði af markaðssetningu fyrrnefndrar vöru, nema þegar hún stendur öðrum til boða án takmarkana til frekari rannsókna og kynbóta og skal í því tilviki hvetja viðtakandann, sem stendur að markaðssetningu, til þess að inna slíka greiðslu af hendi.
- Stjórnarnefndin skal á fyrsta fundi sínum og samkvæmt viðskiptavenjum ákveða greiðslufjárhæð, form hennar og með hvaða hætti hún skuli innt af hendi. Stjórnarnefndin getur ákveðið misháar greiðslufjárhæðir fyrir ólíka hópa viðtakenda, sem markaðssetja fyrrnefndar vörur; enn fremur að nauðsynlegt sé að undanþiggja smábændur í þróunarlöndum og löndum með umbreytingarhagkerfi slíkum greiðslum. Stjórnarnefndin getur endurskoðað greiðslufjárhæðir, eftir þörfum, í því skyni að ná fram sanngjarnri og réttmætri skiptingu ávinnings og metið jafnframt, innan fimm ára frá því samningur þessi öðlast gildi, hvort ótvíráð krafa um greiðslu samkvæmt samningnum um yfirfærslu efnis skuli einnig gilda í tilvikum þegar fyrrnefndar markaðssettar vörur standa öðrum til boða án takmarkana til frekari rannsókna og kynbóta.
- 13.3. Samningsaðilarnir eru einhuga um að ávinningur af nýtingu erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, sem er skipt innan fjölþjóðlega kerfisins, skuli fyrst og fremst koma til góða bændum í öllum löndum, með beinum og óbeinum hætti, einkum í þróunarlöndum og löndum með umbreytingarhagkerfi, þ.e. bændum sem varðveita og nýta erfðaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði með sjálfbærum hætti.
  - 13.4. Stjórnarnefndin skal, á fyrsta fundi sínum, fjalla um stefnumótun og viðmiðanir fyrir sértæka aðstoð samkvæmt umsaminni fjármögnunaráætlun sem er lögð fram í 18. gr. og varðar varðveislu erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði í þróunarlöndum og löndum með umbreytingarhagkerfi sem leggja fram drjúgan skerf til þess að tryggja fjölbreytni erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði innan fjölþjóðlega kerfisins og/eða hafa sérþarfir.
  - 13.5. Samningsaðilarnir viðurkenna að geta til þess að hrinda hnattrænu aðgerðaráætluninni í framkvæmd að fullu, að því er varðar þróunarlönd og lönd með umbreytingarhagkerfi sérstaklega, mun einkum ráðast af því að ákvæði þessarar greinar komi til framkvæmdar með skilvirkum hætti, ásamt fjármögnunaráætlun þeirri er um getur í 18. gr.
  - 13.6. Samningsaðilarnir skulu vega og meta hvernig unnt er að skipta ávinningi á valfrjálstan hátt þannig að fyrirtæki í matvælavinnslu, sem njóta góðs af erfðaauðlindum plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, geti lagt sitt af mörkum til fjölþjóðlega kerfisins.

V. HLUTI  
STUÐNINGSAÐGERÐIR

14. gr.

*Hnattræn aðgerðaráætlun.*

Þar eð samningsaðilarnir viðurkenna mikilvægi hinnar breytilegu, hnattrænu aðgerðaráætlunar um varðveislu og sjálfbæra nýtingu erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði fyrir

samning þennan ber þeim að stuðla að framgangi hennar í hvívetna, m.a. með aðgerðum innan hvers lands og, eftir atvikum, samvinnu á alþjóðavettvangi í því skyni að leggja traustan grundvöll, m.a. undir aðgerðir á borð við eflingu getu, yfirfærslu á tækni og upplýsingaskipti, að teknu tilliti til ákvæða 13. gr.

## 15. gr.

*Söfn erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði utan upprunastaðar í vörslu alþjóðlegra rannsóknarsetra í landbúnaði á vegum Samráðshóps í alþjóðlegum landbúnaðarrannsóknum og annarra alþjóðastofnana.*

- 15.1. Samningsaðilarnir viðurkenna mikilvægi safna erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði utan upprunastaðar, sem eru í vörslu alþjóðlegra rannsóknarsetra í landbúnaði á vegum Samráðshóps í alþjóðlegum landbúnaðarrannsóknum, fyrir samning þennan. Samningsaðilarnir hvetja alþjóðlegu rannsóknarsetrin í landbúnaði til þess að gera samninga við stjórnarnefndina um fyrrnefnd söfn utan upprunastaðar með eftirfarandi skilmálum og skilyrðum:
- a) Framboð erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, sem eru taldar upp í I. viðauka við samning þennan og eru í vörslu alþjóðlegru rannsóknarsetrana í landbúnaði, skal vera tryggt samkvæmt ákvæðum IV. hluta samnings þessa.
  - b) Tryggja ber framboð erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, annarra en þeirra sem eru taldar upp í I. viðauka við samning þennan, sem er safnað fyrir gildistöku hans og eru í vörslu alþjóðlegru rannsóknarsetrana í landbúnaði, í samræmi við ákvæði þess samnings um yfirfærslu efnis sem er í gildi samkvæmt samningum milli alþjóðlegru rannsóknarsetrana í landbúnaði og FAO. Stjórnarnefndin skal gera breytingar á fyrrnefndum samningi um yfirfærslu efnis eigi síðar en á öðrum reglulegum fundi sínum og í samráði við alþjóðlegu rannsóknarsetrin í landbúnaði, í samræmi við viðeigandi ákvæði samnings þessa, einkum 12. og 13. gr., og að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
    - i. alþjóðlegu rannsóknarsetrin í landbúnaði skulu tilkynna stjórnarnefndinni reglulega um samninga um yfirfærslu efnis sem hafa verið gerðir samkvæmt tímaáætlun sem stjórnarnefndin mun leggja fram,
    - ii. láta ber samningsaðilum, sem eiga landsvæði þar sem erfðaauðlindum plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði var safnað við skilyrði upprunastaðar, í té sýni af slíkum erfðaauðlindum plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, að fram kominni beiðni þar um og án nokkurs samnings um yfirfærslu efnis,
    - iii. ávinningur, sem fyrrnefndur samningur um yfirfærslu efnis skapar og kemur til af því skipulagi er um getur í f-lið málsgreinar 19.3, skal einkum nýttur í þágu varðveislu og sjálfbærrar nýtingar viðkomandi erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði og þá sér í lagi í lands- og svæðisáætlunum í þróunarlöndum og löndum með umbreytingarhagkerfi, einkum á svæðum þar sem fjölbreytni nytjaplantna er mikil og í löndum sem skemmst eru á veg komin í þróun og
    - iv. alþjóðlegu rannsóknarsetrin í landbúnaði skulu, í samræmi við getu, gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að skilyrðum samninganna um yfirfærslu efnis sé fullnægt og tilkynna stjórnarnefndinni án tafar um þau tilvik þar sem skilyrðin eru ekki uppfyllt.
  - c) Alþjóðlegu rannsóknarsetrin í landbúnaði viðurkenna vald stjórnarnefndarinnar til þess að veita leiðbeiningar um söfn utan upprunastaðar sem eru í vörslu þeirra og ákvæði samnings þessa gilda um.
  - d) Vísinda- og tækniadstaða, þar sem slík söfn utan upprunastaðar eru varðveitt, skal áfram lúta yfirráðum alþjóðlegru rannsóknarsetrana í landbúnaði sem taka að sér að vera yfir og hafa umsjón með fyrrnefndum söfnum utan upprunalegs búsvæðis samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum stöðlum, einkum stöðlum genabankans eins og nefnd FAO um erfðaauðlindir í matvælaframleiðslu og landbúnaði samþykkir þá.
  - e) Framkvæmdastjórinn skal kappkosta að láta í té viðeigandi tækniadstoð, komi fram beiðni alþjóðlegru rannsóknarsetrana í landbúnaði þar um.

- f) Framkvæmdastjórinn skal ávallt eiga aðgangsrétt að aðstöðu og rétt til að fylgjast með allri starfsemi sem þar fer fram og tengist beint varðveislu og gagnkvæmum skiptum á því efni sem fjallað er um í þessari grein.
  - g) Komi til þess að reglulegt viðhald fyrirnefndra safna utan upprunastaðar sé truflað eða því ógnað vegna einhverra atburða, m.a. óviðráðanlegra atvika, skal framkvæmdastjórinn, með samþykki hlutaðeigandi gistiríkis, aðstoða við rýmingu þeirra eða flutning, eftir því sem framast er kostur.
- 15.2. Samningsaðilarnir eru einhuga um að veita alþjóðlegum rannsóknarsetrum í landbúnaði á vegum Samráðshóps í alþjóðlegum landbúnaðarrannsóknnum, sem hafa gert samninga við stjórnarnefndina í samræmi við ákvæði samnings þessa, greiðan aðgang að erfðaauðlindum plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði sem um getur í I. viðauka og eru innan fjölbjóðlega kerfisins. Tilgreina ber fyrirnefnd setur í skrá sem framkvæmdastjórinn heldur og skal vera samningsaðilum aðgengileg sé beðið um hana.
- 15.3. Aðgangur að efni, öðru en því sem er talið upp í I. viðauka, sem alþjóðleg rannsóknarsetur í landbúnaði taka við og varðveita eftir að samningur þessi öðlast gildi, skal vera frjálts samkvæmt skilmálum sem eru í samræmi við þá sem gagnkvæmt samkomulag er um milli þeirra alþjóðlegu rannsóknarsetra í landbúnaði sem taka við efninu og upprunalands slíkra auðlinda eða þess lands sem hefur fengið þær í samræmi við ákvæði samningsins um líffræðilega fjölbreytni eða önnur gildandi lagaákvæði.
- 15.4. Samningsaðilarnir eru hvattir til þess að veita alþjóðlegum rannsóknarsetrum í landbúnaði, sem hafa gert samninga við stjórnarnefndina, aðgang, með skilmálum sem gagnkvæmt samkomulag er um, að erfðaauðlindum plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði sem ekki eru taldar upp í I. viðauka og hafa þýðingu fyrir áætlanir og starfsemi á vegum alþjóðlegu rannsóknarsetrana í landbúnaði.
- 15.5. Stjórnarnefndin mun einnig leitast við að koma á samningum við aðrar alþjóðastofnanir í því skyni að ná þeim markmiðum er um getur í þessari grein.

## 16. gr.

*Alþjóðleg netkerfi fyrir erfðaauðlindir plantna.*

- 16.1. Núverandi samstarf innan alþjóðlegra netkerfa erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði verður eftt eða það þróað á grundvelli gildandi fyrirkomulags og í samræmi við skilmála samnings þessa, þannig að nái sem best yfir allar erfðaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði.
- 16.2. Samningsaðilarnir munu, eftir atvikum, hvetja allar stofnanir er málið varðar, þ.m.t. ríkisstofnanir, einkarekna og óopinberar stofnanir, rannsóknar- og kynbótastofnanir og aðrar stofnanir, til þess að eiga aðild að alþjóðlegu netkerfunum.

## 17. gr.

*Hnattrænt upplýsingakerfi viðvíkjandi erfðaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði.*

- 17.1. Samningsaðilarnir skulu vinna saman að því að þróa og efla hnattrænt upplýsingakerfi í því skyni að greiða fyrir upplýsingaskiptum, á grundvelli núverandi upplýsingakerfa, um vísinda-, tækni- og umhverfisleg málefni, er varða erfðaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, í þeirri von að slík upplýsingaskipti muni stuðla að skiptingu ávinnings af nýtingu þeirra með því að gera upplýsingar um erfðaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði aðgengilegar öllum samningsaðilum. Leitað verður eftir samstarfi við þær upplýsingamiðstöðvar er um getur í samningnum um líffræðilega fjölbreytni við þróun hnattræna upplýsingakerfisins.
- 17.2. Gefa ber út viðvörðun, í tæka tíð og á grundvelli tilkynningar samningsaðilanna, um hættur sem steðja að skilvirku viðhaldi erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði, í því skyni að vernda efnið.
- 17.3. Samningsaðilarnir skulu vinna með nefnd FAO um erfðaauðlindir í matvælaframleiðslu og landbúnaði að reglulegu endurmati á ástandi erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og land-

búnaði í heiminum, í því skyni að uppfæra hina breytilegu, hnattrænu aðgerðaráætlun er um getur í 14. gr.

## VI. HLUTI FJÁRHAGSÁKVÆÐI

18. gr.

### *Fjármagn.*

- 18.1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að framfylgja fjármögnunaráætlun til þess að samningur þessi megi koma til framkvæmdar í samræmi við ákvæði þessarar greinar.
- 18.2. Með fjármögnunaráætluninni er stefnt að því að auka framboð á fjármagni og gagnsæi, skilvirkni og árangur þess þegar því er veitt til þess að stunda starfsemi samkvæmt samningi þessum.
- 18.3. Þegar efna á til fjármögnunaráttaks vegna forgangsverkefna og -áætlana, einkum í þróunarlöndum og löndum með umbreytingarhagkerfi og að teknu tilliti til hnattrænu aðgerðaráætlunarinnar, skal stjórnin setja sér markmið vegna slíkrar fjármögnunar með reglulegu millibili.
- 18.4. Samkvæmt fyrrnefndri fjármögnunaráætlun:
  - a) skulu samningsaðilarnir gera nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir innan stjórnarnefnda viðeigandi alþjóðlegra skipulagsheilda, sjóða og stofnana til þess að tryggja að raunveruleg úthlutun á fyrirséðu og umsömdu fjármagni til framkvæmdar áætlunum samkvæmt samningi þessum hljóti nauðsynlegan forgang og eðlilega afgreiðslu, b) ræðst það, að hve miklu leyti samningsaðilar, sem eru þróunarlönd eða lönd með umbreytingarhagkerfi, munu í raun uppfylla skyldur sínar samkvæmt samningi þessum, af raunverulegri úthlutun á því fjármagni er um getur í þessari grein, einkum af hálfu samningsaðila sem eru iðnríki. Samningsaðilar, sem eru þróunarlönd og lönd með umbreytingarhagkerfi, setja eflingu getu á sviði erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði í eðlilegan forgang í sínum eigin áætlunum,
  - c) skulu þeir samningsaðilar sem eru einnig iðnríki leggja til fjármagn og þeir samningsaðilar sem eru þróunarlönd og lönd með umbreytingarhagkerfi nýta sér það til þess að hrinda samningi þessum í framkvæmd eftir tvíhliða, svæðisbundnum og fjölhliða farvegum. Fyrrnefndar leiðir skulu ná til þess skipulags er um getur í f-lið málsgreinar 19.3,
  - d) samþykkir sérhver samningsaðili að koma á fót og útvega fjármagn til starfsemi innanlands á sviði varðveislu og sjálfbærrar nýtingar erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði eins og geta hans og fjárhagur leyfa. Fjármagn, sem lagt er til, skal ekki notað í tilgangi sem samræmist ekki samningi þessum, einkum á sviðum sem tengjast landbúnaðar-afurðum í alþjóðlegum viðskiptum,
  - e) samþykkja samningsaðilar að fjárhagslegur ávinningur, sem verður til skv. d-lið málsgreinar 13.2, sé hluti af fjármögnunaráætluninni,
  - f) eru frjálts framlög samningsaðila, einkageirans, að teknu tilliti til ákvæða 13. gr., óopinberra stofnana og annarra gefenda einnig heimil. Samningsaðilarnir eru einhuga um að stjórnarnefndin fjalli um hvernig áætlun um að stuðla að slíkum framlögum skuli ná fram að ganga.
- 18.5. Samningsaðilarnir eru einhuga um að framkvæmd samþykktra áætlana fyrir bændur í þróunarlöndum, einkum löndum sem eru skemmst á veg komin í þróun og löndum með umbreytingarhagkerfi, sem varðveita erfðaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði og nýta þær með sjálfbærum hætti, skuli ganga fyrir.

## VII. HLUTI STOFNANAÁKVÆÐI

19. gr.

### *Stjórnarnefnd.*

- 19.1. Stjórnarnefnd vegna samnings þessa, sem allir samningsaðilar eiga sæti í, er hér með komið á fót.
- 19.2. Allar ákvarðanir stjórnarnefndarinnar skulu teknar með almennu samkomulagi, nema almennt samkomulag sé um að beita annarri aðferð við ákvarðanatöku, með þeirri undantekningu þó að gera skal kröfu um almennt samkomulag að því er varðar 23. og 24. gr.

- 19.3. Hlutverk stjórnarnefndarinnar skal vera að stuðla að því að ákvæði samnings þessa komi til framkvæmdar að fullu, að teknu tilliti til markmiða hans, og einkum að:
- veita almennar leiðbeiningar og ráðgjöf um hvernig beri að fara eftir og tileinka sér nauðsynleg tilmæli samningi þessum til framkvæmdar, einkum með tilliti til virkni fjölþjóðlega kerfisins,
  - samþykkja áætlanir um framkvæmd samnings þessa,
  - samþykkja, á fyrsta fundi sínum, og endurskoða reglulega fjármögnunaráætlunina samningi þessum til framkvæmdar í samræmi við ákvæði 18. gr.,
  - samþykkja fjárhagsáætlun fyrir samning þennan,
  - fjalla um og koma á fót, eftir því sem fjárhagur leyfir, undirnefndum, sem kunna að vera nauðsynlegar, og ákveða umboð og skipan hverrar um sig,
  - koma á viðeigandi skipulagi, eftir því sem þörf krefur, t.d. fjárvörslureikningi, til þess að taka við og hagnýta fjármagn sem safnast upp samningi þessum til framkvæmdar,
  - koma á og viðhalda samstarfi við aðrar viðeigandi alþjóðastofnanir og umsýslustofnanir samninga, þ.m.t., einkum og sér í lagi, ráðstefna aðila að samningnum um líffræðilega fjölbreytni, um málefni sem samningur þessi fjallar um, m.a. þátttöku þeirra í fjármögnunaráætluninni,
  - fjalla um og samþykkja breytingar á samningi þessum eftir þörfum og í samræmi við ákvæði 23. gr.,
  - fjalla um og samþykkja breytingar á viðaukum við samning þennan eftir þörfum og í samræmi við ákvæði 24. gr.,
  - fjalla um hvernig áætlun um að hvetja til frjálsra framlaga skuli ná fram að ganga, einkum með vísun til 13. og 18. gr.,
  - leysa önnur verkefni sem kunna að vera nauðsynleg til þess að markmiðum samnings þessa verði náð,
  - taka mið af viðeigandi ákvörðunum ráðstefnu aðila að samningnum um líffræðilega fjölbreytni og annarra viðkomandi alþjóðastofnana og umsýslustofnana samninga,
  - upplýsa ráðstefnu aðila að samningnum um líffræðilega fjölbreytni og aðrar viðkomandi alþjóðastofnanir og umsýslustofnanir samninga um málefni er varða framkvæmd samnings þessa, eftir því sem við á, og
  - samþykkja skilmála samninga við alþjóðleg rannsóknarsetur í landbúnaði og aðrar alþjóðastofnanir skv. 15. gr. og endurskoða og breyta samningnum um yfirfærslu efnis er um getur í 15. gr.
- 19.4. Með fyrirvara um ákvæði málsgreinar 19.6 fer hver samningsaðili með eitt atkvæði og einn fulltrúi getur verið í fyrirsvari fyrir hann á fundum stjórnarnefndarinnar og honum má fylgja varamaður, ásamt sérfræðingum og ráðgjöfum. Varamönnum, sérfræðingum og ráðgjöfum er heimilt að taka þátt í störfum stjórnarnefndarinnar en hafa ekki kosningarétt, nema þeir hafi fullt umboð til að koma fram fyrir hönd fulltrúans.
- 19.5. Sameinuðu þjóðunum, sérstofnunum þeirra og Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni, sem og hverju því ríki sem ekki er aðili að samningi þessum, er heimilt að eiga áheyrnarfulltrúa á fundum stjórnarnefndarinnar. Sérhver annar aðili eða stofnun, hvort sem um er að ræða opinberan aðila eða stofnun eða ekki, sem hefur hæfi á sviði varðveislu og sjálfbærrar nýtingar erfðaauðlinda plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði og hefur tilkynnt framkvæmdastjóranum að hann eða hún óski eftir því að eiga áheyrnarfulltrúa á fundi stjórnarnefndarinnar, hefur heimild til þess, nema minnst þriðjungur samningsaðila, sem eru viðstaddir, hreyfi andmælum. Fundarseta og þátttaka áheyrnarfulltrúa skal vera í samræmi við starfsreglur sem stjórnarnefndin setur.
